



Reykjavík, 9. október 2024

MSS24100058

TILLAGA

Tillaga íbúaráðs Grafarholts og Úlfarsárdals um lóða- og framkvæmdaskilmála og umgengni á byggingarlóðum

Lagt er til að íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdals samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að grípa til viðeigandi ráðstafana svo að almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar vegna uppbyggingar í borgarhlutanum verði virtir. Einnig óskar íbúaráðið eftir að efnt verði til átaks vegna daprar umgengni á og við byggingarlóðir í Úlfarsárdal. Í mörgum tilfellum eru byggingarlóðir og nágrenni þeirra notað sem geymslusvæði svo mánuðum skiptir með tilheyrandi sóðaskap og slyshættu.

Greinargerð:

Íbúaráð Grafarholts og Úlfarsárdal telur nauðsynlegt að farið verði í átak í eftirfylgni á lóða- og framkvæmdaskilmálum í hverfinu. En í hverfinu eru að finna lóðir sem hafa staðið óbyggðar/hálfbyggðar í langan tíma. Óskum við eftir því að farið verði í átak svo hraða megi uppbyggingu á óbyggðum/hálfbyggðum lóðum og framkvæmdir séu í samræmi við lóða- og framkvæmdaskilmála.

Einnig óskar íbúaráðið eftir að efnt verði til átaks vegna daprar umgengni á og við byggingarlóðir í Úlfarsárdal. Í mörgum tilfellum eru byggingarlóðir og nágrenni þeirra notað sem geymslusvæði svo mánuðum skiptir með tilheyrandi sóðaskap og slyshættu.

Nauðsynlegt er að þar til bærir aðilar innan borgarkerfisins ráðist í skoðun á umgengni á og við uppbyggingarlóðir og geri í kjölfarið uppbyggingaraðila/lóðarhafa grein fyrir skyldum sínum skv. gildandi reglum.

Með samheldnu átaki eykst vonandi uppbyggingarhraði í hverfinu, ásýnd hverfisins verður ákjósanlegri og öryggi íbúa tryggt á meðan á byggingaframkvæmdum stendur.

Mikilvægt er að þessum atriðum sé fylgt eftir enda er það hagur allra að koma þessum málum í ákveðin farveg enda margir íbúar langþryggtir á sóðaskap, slæmri umgengni og slyshættu í og við uppbyggingarsvæði í hverfinu.



Reykjavík